

Enginn rífandi gangur



Samninganefndin

Viðræður um kjarasamninga eru í fullum gangi. Samiðn hefur fundað með viðsemjendum sínum en jákvæð svör hafa ekki legið á lausu. Í engum tilfellum liggja fyrir jákvæð svör varðandi liði sem skipta verulega máli. Nokkrir undirhópar eru að störfum og eru að skoða afmörkuð mál eins og endurmenntun.

Það er þó jákvætt að ríkistjórnin er búin að ákveða að hún ætlar að nýta sér aðlögunarfresti varðandi reglur EES um frjálsa för launafólks. Vonandi hefur það í för með sér að stjórnvöld verði betur í stakk búin til að takast á við stækkun hins sameiginlega vinnumarkaðs og starfsemi starfsmannaleigu-fyrirtækja.

Lögð var fram kröfugerð vegna virkjunarsamnings 15. janúar s.l. og haldinn einn samningafundur í vikunni um þann samning. Viðræður eru á byrjunarstigi en gert er ráð fyrir að unnið verði rösklega og ætti því að skýrast næstu daga hver viðbrögðin verða. Það er mikilvægt að aðalsamningur og virkjunarsamningur fylgist að í tíma og ekki verði gengið frá aðalsamningi fyrr en niðurstaða liggur fyrir hvað varðar virkjunarsamninginn.

Einnig hafa verið lagðar fram kröfugerðir gagnvart Reykjavíkurborg og skyldum fyrirtækjum eins og Orkuveitunni, Vélamiðstöðinni og Strætó.

Viðræður við Meistarafélag húsasmiða héldu áfram en engin niðurstaða kom út úr þeim viðræðum. Fram kom á fundinum að vilji er hjá báðum aðilum að halda áfram með taxtakerfið sem tekið var upp árið 2000.

Ekki hafa verið formlegir fundir með Bílgreina-sambandinu en menn hafa spjallað óformlega saman um einstaka þætti.

Gengið hefur verið frá viðræðuáætlunum vegna samninga við ríkið og Kópavogskaupstað og hefjast viðræður í fyrrihluta febrúar mánaðar.

Samninganefnd Samiðnar hefur verið kölluð saman mánudaginn 26. janúar til að meta stöðuna og leggja á ráðin um framhaldið. Það er mikilvægt að staðan skýrist í næstu viku því það stýttist óðum í að samningurinn renni út. Vaxandi óþreyju er farið að gæta hjá félagsmönnum og vilja menn fara að sjá árangur sem fyrst. Enginn vilji er til að taka þátt í sýndarviðræðum.

Það er ljóst á þessu að það er enginn rífandi gangur í viðræðunum þessa stundina, en fundarhöldum verður haldið áfram. Ekki er farið að ræða launaliði samningsins en við vonumst til að hreyfing fari að koma á málín á næstu vikum.

Við munum halda áfram að setja fréttir af kjaraviðræðum og annað fréttmæmt á heimasíðu okkar. Samninganefnd Samiðnar fer með samningsumboð fyrir FIT.

Við hvetjum félagsmenn okkar að nýta sér heimasíðuna www.fit.rl.is

Orlofshús

FIT hefur tekið á leigu sumarhús á Spáni sem verður leigt út til félagsmanna í sumar. Húsið er staðsett á Torrevieja en þar fer hitinn aldrei niður fyrir 16 °C allt árið. Í samstarfi við okkur eru Sumarferðir að bjóða sanngjarnt flug til Spánar.

Nánari upplýsingar munu verða í orlofsbæklingi okkar sem sendur verður út í næsta mánuði. Einnig verður fljótlega hægt að sjá upplýsingar um nýtt orlofshús á Spáni á heimasíðu okkar.

Einnig viljum við minna á sumarhúsin 17 sem hægt er að leigja allt árið hjá okkur. Á sumrin eru húsin og íbúðirnar leigðar félagsmönnum til vikudvalar í senn, en á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Nú fer skíðatíminn að komast á fullt skrið og þá er upplagt að nýta sér íbúðirnar okkar á Akureyri, en FIT á 3 íbúðir þar. Sumarúthlutun fer fram eftir

punktakerfi, og eru nánari upplýsingar um punktakerfið og bústaðina á heimasíðu okkar, www.fit.rl.is. Þar birtast einnig upplýsingar í byrjun hverrar viku um lausa bústaði/íbúðir og hægt að panta með stuttum fyrirvara.

Skattaráðgjöf

Skattaráðgjöf verður í boði fyrir félagsmenn FIT um það bil viku fyrir lokaskiladag á skattframtali í samstarfi við Virðingu.

Félagsmenn geta leitað eftir aðstoð í Borgartúni 30. Nánar auglýst þegar endanlegir skiladagar verða ákveðnir.

Stofnfundur FIT

Eftirtaldir voru á stofnfundi FIT Félags iðn- og tæknigreina kosnir í stjórn til ársins 2005.

Formaður: Hilmar Harðarson bifvélavirki, Reykjavík

Ritari: Sveinn Ingason bifvélavirki, Hafnarfirði

Meðstjórnendur:

Georg Ólafsson málari, Reykjavík

Gunnar Gunnbjörnsson blikksmiður, Reykjavík

Varamenn:

Þorsteinn G. Kristmundsson málari, Kópavogi

Axel Gissurarson húsasmiður, Selfossi

Í 17 gr. laga félagsins segir að kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, tveir meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur og einn varamaður. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga árlega, einnig skv. 20. gr. trúnaðarráð og skv. 21 gr. tveir kjörstjórnarmenn.

Aðalstjórn félagsins er jafnframt stjórn sjúkrasjóðs. Uppstillinganefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert. Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur nefndarinnar og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi. Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir kl. 24.00 þann 19. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla.

Á stjórnarfundum FIT 8. janúar voru eftirfarandi menn tilnefndir í uppstillingarnefnd:

Einar Þór Gíslason, bifreiðasmiður
Ólafur Hafsteinsson, bifvélavirki
Birgir Gíslason, málari
Sigurður Hafliðason, garðyrkjumann
Magnús Ögmundsson, húsasmiður

Heimasíða Sameinaða lífeyrissjóðsins

www.lifeyrir.is þar er að finna upplýsingar um iðgjöld, rafrænar skilagreinar o.fl.

Heimasíða Samiðnar er www.samidn.is

Við hvetjum félagsmenn og atvinnurekendur til að kynna sér síðuna. Þar er að finna m.a. kauptaxta, kjarasamninga o.fl.

Opnunartími Þjónustuskrifstofunnar

Skrifstofa okkar er opin mánudaga til fimmtudaga frá 09:00 til 17:00 og föstudaga frá 09:00 til 16:00 Símanúmer okkar er 535 6000 og netfang er fit@fit.rl.is. Skrifstofan á Selfossi er opin frá 08:00 til 12:00, síminn er 480 5000 og netfang er selfoss@fit.rl.is



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina - Borgartúni 30

Sími 535 6000 - fit@fit.rl.is - www.fit.rl.is

Ábm. Hilmar Harðarson.

1. tbl. 2. árg. janúar 2004

Hönnun og prentun: Stafræna hugmyndasmiðjan - www.smidjan.is

Tillaga uppstillingarnefndar

FIT, Félags iðn- og tæknigreina

fyrir aðalfund 2004

Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn og varamenn til ársins 2006:

Aðalmenn í stjórn:

Meðstjórnandi: Andrés Hreinsson húsasmiður, Hafnarfirði
Gjaldkeri: Ármann Ægir Magnússon húsasmiður, Hveragerði
Meðstjórnandi: Einar Þór Gíslason bílasmiður, Reykjavík
Sveinn Jónsson bifvélavirki, Reykjavík
Varaformaður: Tryggvi F. Arnarsson garðyrkjumaður, Reykjavík
Varamaður:
Meðstjórnandi Helgi Ólafsson bifvélavirki, Reykjavík

Tillaga uppstillingarnefndar um trúnaðarráð og varamenn þess til ársins 2005:

Aðalmenn:

1. Ólafur Hafsteinsson bifvélavirki, Hafnarfirði
3. Sigríður Runólfsdóttir húsasmiður, Húsasmiðjan, Selfossi
5. Hörður Jóhann Geirsson bifvélavirki, Reykjanersbær
7. Gunnar Svavarsson málari, Alkan, Hafnarfirði
9. Hörður Einarsson bifvélavirki, Kópavogi
11. María Steinmóðsdóttir húsasmiður, Húsasmiðjan, Hafnarfirði
13. Vignir Ólafsson málari, Finka, Reykjavík
15. Heimir B. Janusarson garðyrkjumaður, Reykjavík
17. Ágúst Friðriksson blikksmiður, Hafnarfirði
19. Gunnar Jónsson bifvélavirki, Garðabær

Tillaga uppstillingarnefndar um trúnaðarráð og varamenn þess til ársins 2006:

2. Kristján Þórðarson, húsasmiður, Vegagerðin, Vík
4. Kristján Geir Jóhannesson bifvélavirki, Kópavogur
6. Kristinn Bjarnason bifvélavirki, Reykjavík
8. Knútur Hákonarson bifvélavirki, Reykjavík
10. Magnús Sigurðsson blikksmiður, Selfossi
12. Reynir Pálmason bifvélavirki, Reykjavík
14. Finnur Traustason málari, Finka, Reykjavík
16. Ása Jóhannsdóttir garðyrkjumaður, Reykjavík
18. Guðmundur Ottósson bifreiðasmiður, Reykjavík
20. Reynir Olgeirsson blikksmiður, Reykjavík

Varamenn í trúnaðarráði til ársins 2005:

21. Ingólfur Rögnvaldsson húsasmiður, Hellu

23. Jóhann Hermannsson bifreiðasmiður, Reykjavík
25. Ottó Örn Pétursson pípulagninganemi, Hafnarfirði
27. Sigurður Hafliðason garðyrkjumaður, Reykjavík
29. Viðar Huginsson málari, Finka, Reykjavík
31. Óskar Baldursson garðyrkjumaður, Hafnarfirði
33. Guðlaug F. Þorsteinsdóttir garðyrkjumaður, Rvk.
35. Atli Hraunfjörð málari, Garðabæ
37. Jóhann B. Jónsson bifreiðasmiður, Reykjavík
39. Sigurður Gísli Karlsson iðnnemi, Reykjavík

Varamenn í trúnaðarráði til ársins 2006:

22. Gunnar Geir Ólafsson bifvélavirki, Mosfellsbær
24. Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson bifvélavirki, Mosfellsbær
26. Eiríkur Gunnarsson bifvélavirki, Reykjavík
28. Guðmundur Birgir Guðmundss, húsasmiður, Reykjavík
30. Jón Kristinn Snorrason málari, Reykjavík
32. Hjörtur Óli Sigurþórsson blikksmiður, Reykjavík
34. Magnús Heiðar Þorgeirsson blikksmiður, Reykjavík
36. Jón Kristinn Valsson bifvélavirki, Kópavogur
38. Rúnar H. Hauksson bifreiðasmiður, Reykjavík
40. Ingibjörg Jónsdóttir húsasmiður, Þorlákshöfn

Kjörstjórn fyrir FIT:

Aðalmenn:

Tryggvi Bjarnason bifvélavirki, Reykjavík
Magni Gunnarsson blikksmiður, Garðabær

Varamenn:

Sigurður Hafliðason garðyrkjumaður, Reykjavík
Arnar Helgason húsasmiður, Hafnarfirði

Félagslegir skoðunarmenn reikninga:

Aðalmenn:

Knútur Hákonarson bifvélavirki, Reykjavík
Margrét Hálfðánardóttir garðyrkjumaður, Reykjavík

Varamenn:

Magnús Ögmundsson húsasmiður, Reykjavík
Erlendur Eiríksson málari, Garðabær
Auk þess eiga allir kjörnir trúnaðarmenn á vinnustöðum sæti í trúnaðarráði FIT.

Ef aðrar hugmyndir eru uppi skal koma þeim til uppstillingarnefndar á fit@fit.rl.is eða á skrifstofur FIT fyrir kl. 24.00 þann 19. febrúar 2004.

*Finnbogi Kristinn Eyjólfsson
tekur við fálkaorðunni frá
Ólafi Ragnari Grímssyni,
forseta Íslands.*




Könnun Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins (SI) létu gera könnun fyrir sig til að kanna þörf fyrirtækja fyrir aukna menntun. Niðurstaða könnunar er að þörf fyrirtækja SI fyrir aukna iðnmenntun og raungreinamenntun á háskólastigi er viðvarandi. Samtök iðnaðarins hafa undanfarin misseri bent á nauðsyn þess að fjölga ungu fólki í verk- og tæknigreinum. Iðnaðurinn hefur verið í viðvarandi þörf fyrir iðnmenntaða, verkfræðinga og tæknifræðinga. Þessi könnun SI staðfestir að hér er um alvörumál að ræða. Iðnfyrirtæki telja sig þurfa á næstu þremur árum að bæta við 771 nýjum starfsmönnum með raungreina-, tækni- og verkfræðimenntun og 2252 starfsmönnum með iðn- og starfsmenntun.

Um þriðjungur fyrirtækjanna segja að einn eða fleiri ófaglærðir vinni tæknistörf. Þetta gefur vísbendingu um að ráðlegt sé að byggja upp þekkingu og færni hjá ófaglærðum með skipulegum hætti. Mikilvægt er fyrir iðnfyrirtæki að kynna starfsemi sína í grunn- og framhaldsskólum, undir þetta tekur 87 % fyrirtækja SI.

Á menntadegi iðnaðarins, sem haldinn var af SI, talaði m.a. Hilmar Janusson, þróunarstjóri Össurar hf. Hann taldi óraunhæft að menntakerfið gæti á næstu þremur árum brugðist við óskum fyrirtækja um aukinn fjölda iðn- og tæknimenntaðra í samræmi við niðurstöður könnunar IMG Gallup. Eftirspurn eftir verk- og tæknimenntun hefði vaxið hratt: „Þær breytingar, sem eru framundan, gefa okkur tækifæri.

**Er þörf fyrir starfsmann með iðn-
eða starfsmenntun í viðbót í
fyrirtækið eftir u.þ.b. 3 ár?**



Sérstaklega vil ég draga fram mikilvægi rannsóknaráms í fyrirtækjum. Ég tel að það verði undirstaða hagvaxtar á næstu árum.”

Sigurður Guðni Sigurðsson, framkvæmdastjóri Skagans hf., telur að það gleymist alltof oft að segja unga fólkinu frá því sem býðst í iðnnámi og störfum í iðnaði. „Við þurfum fleira og betra ungt fólk í iðnnám,” segir Sigðurður Guðni. „Við getum ekkert gert ef við eigum ekki aðgang að þessum mannauði sem er fólgin í menntun og þekkingu starfsfólks.”

Nánari upplýsingar um könnun SI er að finna á heimasíðu þeirra, www.si.is

Bifvélavirki fær íslensku fálkaorðuna

Símenntun tryggir starfsöryggi og bætt laun - segir Finnbogí Kristinn Eyjólfsson

“Það var mikil slembilukka að lenda hjá góðum meistara sem kennara á þessum árum, þeim sem voru heppnir, var tryggð örugg framtíð í greininni”, sagði Finnbogí Kristinn Eyjólfsson, 78 ára bifvélavirki sem forseti Íslands sæmði riddarakrossi íslensku Fálkaorðunnar, við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 1. janúar s.l. Finnbogí hlaut Fálkaorðuna fyrir frumkvöðulsstarf innan bílgreinarinnar á Íslandi. Hann er þekktur af bifvélavirkjum og iðnaðarmönnum sem glaðbeittur félagi í baráttunni og fyrir framsýni og baráttu fyrir að menntun sé á hverjum tíma í takti við tækniþróun og kröfur samtímans.

Í stéttarbaráttu frá námsárum

Finnbogí hóf nám í lðnskólanum í Reykjavík 1946. Hann tók strax virkan þátt í félagsmálum iðnnema og var fljótlega kominn í stjórn lðnnemasambandsins. Helsta baráttumál félagsins á þessum árum var að fá viðurkenningu lðnnemasambandsins sem stéttarfélags og bætt menntunarskilyrði. “Það ríkti mikil réttlætiskennd á meðal iðnnema á þessum árum, launin voru lág og meistarakerfið sterkt”, sagði Finnbogí. Meistari Finnboga var Árni Jóhannesson, “mikill ágætismaður og góður fagmaður” segir Finnbogí.

Utan í nám vegna bíla sem Hekla flutti inn

Finnbogí hefur alla tíð starfað hjá fyrirtækjum Heklu. Í starfi sínu þar fann Finnbogí fljótt að mennt er

máttur. “Fljótlega eftir sveinspróf 1951 var ég sendur til Rover verksmiðjanna í Bretlandi til að læra um Land-Rover bílana sem Hekla var að flytja inn. Ég var úti í þrjá mánuði og þar sem ég átti frekar auðvelt með að læra tungumál lærði ég fljótt um tækni bílanna”, sagði “Finnbogí.

Sigfús í Heklu fann strax að þarna fór maður sem honum líkaði við enda tókst með þeim góð vinátta og gagnkvæmt traust. Þegar Hekla fór að flytja inn Volkswagen 1953 þótti sjálfsgagt að Finnbogí færi utan til að læra á tækni bílanna.

Aftur var tungumálið engin fyrirstaða fyrir Finnboga. “Faðir minn, sem hafði lært trésmiðar, átti bækur um trésmiðar á þýsku sem ég hafði grufað í ásamt kvöldnámi hjá Námsflokkunum. Maður þurfti að geta bjargað sér og tungumál er ekki vandamál frekar en hvað annað sem læra þarf. Maður verður að skilja og hafa tilfinningu fyrir því. Velgengni Land-Rover og Volkswagen bílanna var mikil á þessum árum”, sagði Finnbogí.

Miklar framfarir í menntamálum

“ Stærsta skrefið til framfara á því sviði var stigið 1994, þegar fagfélög bílgreina ásamt Bílgreinasambandinu gerðu samkomulag við menntamálaráðuneytið um að þessir aðilar vinnumarkaðarins tækju að sér til reynslu grunnnámið í viðkomandi fögum. Tilrauninni var ákveðin aðstaða í Borgarholtsskóla og fór vel af stað, en af ástæðum, sem ekki verða raktar hér, slitnaði

uppúr samstarfi þessara aðila við ráðuneytið en eftir það var stofnuð Fræðslumiðstöð bílgreina sem sér nú um framhalds- og meistaranám í viðkomandi fögum. Með því móti getum við komið á framfæri þekkingu og færni sem er í samræmi við hina öru þróun í framleiðslu bifreiða. Faglegur metnaður og samstaða hefur komið okkur í fremstu röð iðnaðarmanna í tæknigreinum”, sagði Finnbogí.

Hljóðfæraleikari og leiðsögumaður

Á ferðum Finnboga fyrir Heklu um landið kynntist hann fjölmörgum, auk þess sem hann spilaði með danshljómsveitum. “Ég átti að læra á píanó en nennti því ekki og lærði í staðinn sjálfur á harmonikku, sagði Finnbogí.

Vegna tungumálakunnáttu sinnar og þekkingar var hann fljótlega fenginn til að túlka í kynnisferðum um landið, síðan fékk Agnar Guðnason hann til að vera fararstjóra í bændaferðum.

“Það er kúnt að geta laðað saman ólíka ferðalanga í gleði og alvöru, en skemmtilegt verkefni og árangurinn gefandi eins og í starfi mínu”, sagði Finnbogí.

Það má með sanni segja að þessi síungi lífskunstner sé verður orðunnar og hún sé hvatning til þeirra yngri til dáða.

Til hamingju Finnbogí og þakka þér það sem þú færir okkur félögum þínum með þessum heiðri þínum.

Næsta þing Samiðnar

Ákveðið hefur verið að halda 4. þing Samiðnar á Akureyri 7.8.-9. maí næstkomandi.

Þingfulltrúar munu búa á þremur hótélum þ.e. Hótel KEA, Hörpu og Hótel Norðurlandi og er gert ráð fyrir að þingfulltrúar geti tekið með sér maka því helmingurinn af herbergjunum er tveggja manna.

Boðið verður upp á ferðir frá Reykjavík í lúxusrútum og lagt af stað frá Borgartúni 30 kl. 8.00 föstudaginn 7. maí. Gert er ráð fyrir að rútan verði komin til Akureyrar um hádegisbilið. Þingið verður sett um miðjan dag og stendur fram að hádegis á sunnudag en gert er ráð fyrir að leggja af stað til Reykjavíkur kl. 14.00. Sé vilji hjá félögum til að taka flug er það þeirra mál og gert á þeirra kostnað.

Verkefni þingsins eru m.a. hefðbundin s.s. lagabreytingar, ákvarðanir um skattgreiðslur og stjórnarkjör. Einnig er gert ráð fyrir að ræða verkskiptingu milli aðildarféлага og Samiðnar.

Gert er ráð fyrir að tengja norðlensk málefni þingstörfum t.d. með stuttri ráðstefnu í upphafi þings.

Kjaramálin gætu einnig komið til umræðu ef okkur hefur ekki tekist að ljúka samningagerðinni fyrir þingbyrjun og einnig má gera ráð fyrir að til umræðu

komi málefni erlendra starfsmanna en þau brenna mjög á okkur þessa dagana.

Kjör fulltrúa skal lokið eigi síðar en tveimur vikum fyrir þinghald sem er 21. apríl. Fjöldi þingfulltrúa miðast við fjölda fullgildra félagsmanna og skal kjósa 1 fulltrúa fyrir hverja 50 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu ef það nemur 25 eða meira.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar
Hilmar Harðarson, formaður FIT



Stjórn Samiðnar

Hallskot, glæsilegt sumarhús

Bústaðurinn Hallskot er í Fljótshlíð, Rangárvallasýslu. Frá Reykjavík er u.þ.b. 1 1/2 tíma akstur í bústaðinn og frá Hvolsvelli um 20 mín. akstursleið. Húsið er byggt árið 1991 og er hið glæsilegasta. Heitur pottur er á verönd (yfir sumartímann) og leiktæki á lóð. Í húsinu eru 2 svefnherbergi, stofa, bað og eldhús. Auk þess er 25 fm. svefnloft svo bústaðurinn getur rúmað allt að 8 manns.

Í nágrenni hússins eru margir fallegir staðir. Þar má nefna Bleikárgljúfur í innanverðri Fljótshlíð, Seljalandsfoss, Gluggafoss í Merkjá, Þórsmörk og svo má lengi telja. Margt er hægt að gera sér til dægrastyttingar, t.d. að skella sér í golf á golfvællinum Strönd sem er milli Hellu og Hvolsvallar, sundlaugar eru nokkrar í nágrenninu, á Hellu, Hvolsvelli og svo Seljavallalaug sem er mjög skemmtileg.

Á Hvolsvelli er Sögusetrið, sem er með ýmiskonar starfsemi, m.a. sýningar og ferðir á Njáluslóðir og glæsilegan veitingasal. Á Skógum er Byggðasafnið og glæsilegt Samgöngusafn.

Nánari upplýsingar er t.d. að finna á heimasíðu Hvolsvallar, www.hvolsvollur.is.



Glæsilegt sumarhús

**Stöndum vörð um
réttindi okkar!**



FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

TR - mælir, ELMERI, hvað er það?

Betri líðan - Bættur hagur

Samiðn, Samtök iðnaðarins og Vinnueftirlitið hófu samstarfsverkefni á árinu 2003 sem er ætlað að stuðla að bættri frammistöðu í vinnuverndarmálum á byggingarstöðum og í málmiðnaði. Verkefnið átti sér nokkurn aðdraganda sem m.a. fólst í að Samiðn og Samtök iðnaðarins létu gera úttekt á vinnuumhverfi hjá völdum fyrirtækjum í byggingariðnaði og málmiðnaði. Í kjölfar þessarar vinnu leituðu samtökin til Vinnueftirlitsins um samstarf að bættu vinnuumhverfi.

Vinnueftirlitið aflaði, í framhaldi af því, leyfa hjá finnskum aðilum til að þýða, staðfæra og hagnýta tvö öflug verkfæri sem vitað var að hefðu gefið góða raun í Finnlandi. Þetta leiddi svo til BB tilraunaverkefnisins (Betri líðan – Bættur hagur) en það felst í að valdir vinnustaðir taka upp notkun þessara verkfæra, TR-mælis og Elmeri. Það er von verkefnishópsins að þessi tvö verkfæri reynist öflug í vinnuverndarstarfinu. Verkefnishópurinn sjálfur hefur, auk þess að þýða og staðfæra þessi verkfæri þjáfað leiðbeinendahóp sem getur aðstoðað fyrirtæki við að taka þessar aðferðir í notkun.

Elmeri.

Framvirkt eftirlit með frammistöðu í vinnuumhverfismálum.

ELMERI aðferðin er áreiðanlegt stjórnþæki í vinnuumhverfismálum hjá iðnfyrirtækjum. Þetta er einföld aðferð sem nota má í fyrirtækjum af öllum stærðum og öllum iðngreinum. Aðferðin byggist á úttektum/skoðunum á starfsstöðvum og umferðarleiðum. Skoðunarþættirnir spanna alla helstu öryggis og heilbrigðisþætti s.s. notkun persónuhlífa, umgengni, vélaöryggi, hávaða, lýsingu, inniloft, efnanotkun og líkamsbeitingu.

ELMERI aðferðin felst í því að búin er til kennitala vinnuumhverfismála, svokallað „Elmeri-stig“ sem gefur til kynna ástand vinnuumhverfisins í fyrirtækinu.

Elmeri stigið er hlutfallstala og getur legið milli 0 og 100. Sem dæmi þýðir Elmeri stigið 60% að 60 af 100 atriðum sem tekin voru til skoðunar, voru í samræmi við viðtekna öryggisstaðla og gott vinnuumhverfi. Elmeri stigið gefur þannig jákvæða endurgjöf upplýsinga og ýtir undir frekari umbætur í vinnuumhverfismálum. Rannsóknir meðal málmiðnaðarfyrirtækja í Finnlandi hafa sýnt fram á að ELMERI aðferðin gefur trúverðugar vísbendingar um slysatiðni þeirra. Hátt Elmeri stig gefur þannig til kynna að slysatiðni verði lítil og öfugt. Elmeri mælingin er raunsönn mæling á frammistöðu í vinnuumhverfismálum. Niðurstöðurnar draga líklegar orsakir fyrir hugsanlegum slysum fram í dagsljósið.

ELMERI er með öðrum orðum kjörið verkfæri fyrir þá starfsmenn fyrirtækja sem sinna öryggis og heilbrigðismálum en er einnig gagnlegt fyrir aðra sérfræðinga á þessu sviði.

ELMERI aðferðin var þróuð í Finnlandi í samvinnu rannsóknarfólks, eftirlitsmanna finnska vinnueftirlitsins, öryggisstjórnenda úr atvinnulífinu og fulltrúum frá samtökum öryggistrúnaðarmanna úr mörgum iðngreinum, og hefur verið í notkun síðan 1996

TR–mælir.

TR mælirinn varð til árið 1992 af hagnýtum ástæðum. Þörfin fyrir tæki til að skoða og meta öryggisaðstæður á byggingarvinnustöðum var orðin brýn.

Þær kannanir sem gerðar voru á vinnustöðunum sýndu að TR-mælirinn var auðveldur í notkun og skilaði góðum árangri. Með því að halda fundi á vinnustöðunum, framkvæma vikulegar skoðanir líkt og í ELMERI aðferðinni og leggja fram niðurstöður mælinga var hægt að auka öryggið á vinnustöðunum úr 60% í 80%. Breytingin var greinileg og sást m.a. í bættum fallvörnum og góðri umgengni á vinnustöðunum. Árið 1997 þegar búin var að meta aðstæður á yfir 300 vinnustöðum, var hægt að kanna sambandið milli TR- mælinganna og slysa sem sem orðið höfðu á vinnustöðunum. Útkoman var ótrúlega skýr. Á vinnustöðum þar sem TR- stigið var hátt, þ.e.a.s. meira en 80%, urðu að meðaltali einungis 80 slys á hver 1000 ársverk en á sama tíma var samsvarandi slysatiðni á vinnustöðum með lægra TR-stig þrisvar sinnum meiri.

Undirritaður sem lokið hefur leiðbeinenda námskeiði í ELMERI getur vitnað um það hversu hvetjandi slík verkfæri geta verið. Á hans vinnustað er ekki óáþekkt verkfæri í notkun, að vísu launatengt að hluta.

Á mörgum sviðum er varða öryggis og umgengnismál hefur orðið veruleg breyting. Starfsmenn eru orðnir meðvitaðri um umhverfi sitt s.s. hættuleg efni, persónuhlífar og fleira og fleira. Ekki má gleyma því að ánægðir starfsmenn eru líklegir til að auka framlegð fyrirtækjanna. Fyrstu mælingarnar fara af stað seinni hluta febrúar mánaðar í völdum fyrirtækjum. Því vil ég hvetja sem flesta félagsmenn í FIT að fylgjast með þessu áhugaverða verkefni.

Bætt líðan -Betri hagur

Sveinn Ingason stjórnarmaður í FIT

Heimildir: Heikki Laitinen, Pirkko Liisa Rasa og Taru Lankinen.

Þýðandi, Árni Jósteinss.

Fyrsta konan

sem lýkur námi við bílið –
grunndeild í Fjölbrautaskóla Suðurlands

Við brautskráningu Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir jólin útskrifaðist fyrst kvenna Sóley Jónsdóttir í bílið-grunndeild. Sóley segist alltaf hafa haft meiri áhuga á svokölluðum strákaáhugamálum en stelpu, svo það lá nokkuð beint við að hún veldi sér nám eftir því. Sóley stundar nú nám við Borgarholtsskóla og stefnir að því að útskrifast sem bifvélavirki. Félagið óskar henni til hamingju með árangurinn og velfarnaðar í framtíðinni.

Út í bláinn

Út í bláinn eru skemmtilegar óvissuferðir sem FIT býður félagsmönnum sínum upp á síðasta sunnudag í hverjum mánuði fram á vor. Lagt er af stað frá Borgartúni 30 klukkan 13.00 og stefnt er að heimkomu um klukkan 16.00. Ferðirnar eru mislangar, stundum er fengin rúta en einnig er farið í gönguferðir um borgina undir leiðsögn fróðra manna. Í fyrra voru ferðirnar mjög vel sóttar og er von okkar að svo verði einnig í ár. Fyrsta ferð ársins verður farin sunnudaginn 25. janúar og er mæting, eins og áður segir, í Borgartúni 30 klukkan 13.00.

Tilboð til félagsmanna FIT

Við viljum benda félagsmönnum okkar á að ýmis fyrirtæki veita afslátt gegn framvísun félagsskirteinis. Þeim sem veita okkur afslætti er alltaf að fjölga og er hægt að sjá upplýsingar um hverjir það eru á heimasíðu okkar, undir tilboðshorni.

Þeir sem þegar eru komnir: Málningarverksmiðja Slippfélagsins í Reykjavík, Málning ehf, 66° Norður, Sumarferðir og Líkamsræktarstöðin Styrkur á Selfossi.

Sumarferðir bjóða félagsmönnum upp á flug til Alicante á kr. 24.900 fyrir eldri en 2ja ára til 1. mars 2004, en eftir 1. mars á kr. 26.900. Verð fyrir börn yngri en 2ja ára er kr. 5.000. Flugvallarskattur og önnur gjöld eru innifalin í verðinu.

Líkamsræktarstöðin Styrkur á Selfossi býður eftirfarandi:

Mánaðarkort:	kr. 6300	alm.verð:	kr. 6900
3 mán kort:	kr. 13900	alm. verð:	kr. 15900
6 mán kort:	kr. 20000	alm. verð:	kr. 24000
Árskort:	kr. 35000	alm. verð:	kr. 42000

Framangreind verð miðast við staðgreiðslu.

Áskriftarkort (greitt mánaðarlega með skuldfærslu af reikningi eða kreditkort. Binditími 6 eða 12 mán)

Áskrift í 6 mán. Kr. 4200 á mán.

Almennt verð kr. 4600

Áskrift í 12 mán. Kr. 3300 á mán.

Almennt verð kr. 3900

66° Norður veitir 12 % afslátt af vörum sínum.

Trúnaðarmannanámskeið vorönn 2004



Trésmiðafélag Reykjavíkur - Félag járníðnaðarmanna
Félag iðn- og tæknigreina - Félag hárnсныrtisveina



Dagur Tími	Þriðjudagur 9. mars	Miðvikudagur 10. mars	Þriðjudagur 23. mars	Þriðjudagur 30. mars	Miðvikudagur 31. mars
9:00 - 12:00	Trúnaðarmaðurinn, starf og staða Haukur Harðason	Trúnaðarmaðurinn, starf og staða Haukur Harðason	Kjarasamningurinn Starfsmenn félaganna	Að tjá sig fyrir framan hóp	Samskipti á vinnustað, sjálfstyrking
12:00 - 12:30	Matur, 30 mín	Matur, 30 mín	Matur, 30 mín	Matur, 30 mín	Matur, 30 mín
12:30 - 15:30	Trúnaðarmaðurinn, starf og staða Haukur Harðason	Trúnaðarmaðurinn, starf og staða	Kjarasamningurinn	Að tjá sig fyrir framan hóp	Samskipti á vinnustað, sjálfstyrking

Nýir trúnaðarmenn eru hvattir til að hafa samband og skrá sig á námskeiðin. Einnig eru aðrir trúnaðarmenn velkomnir sem telja þessi námskeið höfða til sín.